

GREINARGERÐ

Nesvellir 6 – bílastæði og aðgengi fyrir alla

DAGSETNING 8. september 2026

1. Tilgangur

Greinargerðin er unnin vegna fyrirhugaðrar fjölgunar bílastæða við Nesvelli 6.

Tilgangurinn er að sýna staðsetningu fimm nýrra bílastæða og gera grein fyrir aðgengisleið frá stæðunum að inngangi hússins og áfram inn í húsið.

Við vettvangsskoðun voru aðstæður á leiðinni, við inngang og innan húss yfirfarnar með tilliti til aðgengis fyrir alla.

Niðurstaða

Við vettvangsskoðun voru staðsetning, mál og aðstæður á fyrirhugaðri aðgengisleið yfirfarnar og staðfestar.

Samfelld aðgengisleið er frá fyrirhuguðum fimm bílastæðum að ingang Nesvalla 6 og áfram inn í húsið.

Aðgengi frá bílastæðum að inngangi, um innganginn og áfram að stigahúsi og lyftum uppfyllir kröfur um aðgengi fyrir alla.

Tvær lyftur veita aðgengi milli hæða, auk stigagangs.

2. Fyrirhuguð bílastæði og aðgengisleið

Fyrirhuguð eru fimm ný bílastæði á opnu svæði norðan við húsið. Frá stæðunum er gert ráð fyrir beinni tengingu inn á fyrirbyggjandi gönguleið sem liggur með vesturhlið hússins og áfram að inngangi.



Mynd 1. Fyrirhuguð staðsetning fimm bílastæða og tenging að aðgengisleið.

Staðfesting á vettvangi

- Staðsetning fyrirhugaðra stæða og tenging að gönguleið voru yfirfarnar á staðnum.
- Mál og breiddir á aðgengisleið voru yfirfarnar og staðfestar á vettvangi.
- Tenging fyrirhugaðra stæða við fyrirbyggjandi gönguleið var yfirfarin á staðnum.

3. Aðgengisleið utandyra

Eftirfarandi myndaröð sýnir leiðina frá fyrirhuguðu bílastæðasvæði og að inngangi hússins. Leiðin fer um núverandi malbikað og hellulagt stígakerfi og að hellulögðu inngangssvæði.



Mynd 2. Fyrirhugað bílastæðasvæði.



Mynd 3. Horft eftir leiðinni í átt að húsinu.



Mynd 4. Hellulögð aðgengisleið nær húsinu.



Mynd 5. Komið að inngangssvæði hússins.

4. Inngangur og aðgengi inn í hús

Við inngang er hellulagt og jafnt aðkomusvæði. Inngangur og þröskuldur voru skoðuð á staðnum og mál staðfest.



Mynd 6. Inngangssvæðið og aðkoma að hurð.



Mynd 7. Inngangshurð og aðkoma inn í húsið.



Mynd 8. Horft út um inngang frá innra rými.

5. Innra aðgengi og lóðréttar samgöngur


Þegar komið er inn í húsið er greið og hindrunarlaus leið að stigahúsi og tveimur lyftum. Þannig er hægt að fara bæði upp og niður milli hæða með lyftu, auk hefðbundins stigagangs.



Mynd 9. Innra aðgengi að stigahúsi og tveimur lyftum.

Grunnmynd 1. hæðar

Grunnmyndin sýnir tengingu inngangs við sameiginleg umferðarrými hússins, stigahús og lyftur.



Mynd 10. Hluti grunnmynda 1. hæðar – inngangur og sameiginleg umferðarrými.